

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um frjósemisaðgerðir.

Frá Oddnýju G. Harðardóttur.

- Hvaða opinberu aðilar sjá um frjósemisaðgerðir á Íslandi, svo sem tæknisæðingu og glasafrjóvgun?
- Hvernig er eftirliti háttáð með starfsemi einkarekinna fyrirtækja sem sinna frjósemis-meðferðum, bæði fjárhagslegu (gjaldskrá) og faglegu?
- Hver er niðurgreiðsla Sjúkratrygginga Íslands á þjónustu einkarekinna fyrirtækja sem sinna frjósemismeðferðum og af hverju tekur niðurgreiðslan mið?
- Hversu mörgum einstaklingum hafa einkarekin fyrirtæki sem sinna frjósemismeðferðum sinnt síðastliðin fimm ár og hversu mörgum hefur verið synjað um þjónustu?

Munnlegt svar óskast.